

Leikskólinn Birkilundur

560 Varmahlíð, sími 4538215

Samskiptareglur þegar börn koma með skólabíl í leikskólann Birkilund

- Fylgja þarf börnunum inn á morgnana og gera vart við sig þannig að það sé örugglega einhver starfsmaður sem veit af því að þau eru komin í hús. Ef sá starfsmaður getur ekki sinnt þeim gerir hann öðrum viðvart þannig að þau séu ekki í reiðileysi í fataherbergi.
- Eins og með önnur börn þá gerum við ráð fyrir að börnin séu í leik þar til þau eru sótt. Þess vegna er ekki hægt að gera kröfu á það að þau standi fullbúin við hliðið þegar skólabíllinn rennur í hlaðið. Ef þau eru inni þarf að sækja þau inn. Okkur finnst eðlilegt að sá sem sækir þau aðstoði þau við að skipta um föt eða klæða sig eins og hentar áður en þau fara í skólabílinn. Það getur staðið misjafnlega á með mönnun og annað og því ekki alltaf starfsmaður á lausu til að klæða börnin í eða úr.
- Það er ekki á ábyrgð barnanna hvort þau eru tilbúin eða ekki þegar þau eru sótt og því ástæðulaust að ræða það við þau.
- Við erum tilbúnar til þess að koma á móts við skólabílstjóra að því leiti að við tökum á móti börnunum á morgnana og aðstoðum þau þá og eftir föngum einnig þegar þau fara heim, en við viljum einnig fá liðlegheit á mótum enda erum við komin út fyrir okkar verksvið með þessu. Við höfum verið jákvæð gagnvart því að hægt sé að senda börnin með skólabíl þar sem um langan veg er að fara, en við erum ekki tilbúnar til þess að gangast undir það að við eigum þar að sinna allri þjónustu, enda tökum við enga aukagreiðslu fyrir þetta.
- Okkur finnst þetta mikilvæg þjónusta við foreldra sem búa langt frá leikskólanum og þyrftu að öðrum kosti að aka vegalengdina fram og til baka tvisvar á dag til þess að geta nýtt leikskólann. Þess vegna vonumst við til þess að við getum í sameiningu látið þetta ganga vel fyrir sig svo allir verði sáttir.